

Húnavatnshreppur
Bjarni Þór Einarsson
Höfðabraut 6
530 Hvammstangi



Reykjavík 7. desember 2016
UST201611-127/B.S.
09.07.01


Efni: Umsókn um leyfi - ljósleiðari - Flóðvangur – Vatnsdalshólar. Umsögn


Vísað er til bréfs Húnavatnshrepps dags. 17. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirhugaða framkvæmd sem er innan svæðis nr. 407 á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun vill benda á að þegar um framkvæmdir innan svæða á náttúruminjaskrá er að ræða ber að leita umsagnar Umhverfisstofnunar, en þegar um framkvæmdir á friðlýstum svæðum eru fyrirhugaðar þarf að leita leyfis Umhverfisstofnunar.

Umsögn: Hér er um lagningu ljósleiðara sem plægður verður í jörðu samhliða rafstreng sem nú liggur um svæðið. Ef vel er staðið að verki verða ummerki um slíkar framkvæmdir litlar og hverfa fljótt. Einnig telur stofnunin jákvætt að nýta strengleiðir sem þegar eru fyrir hendi.

Umhverfisstofnun telur að umrædd framkvæmd muni ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðis nr. 407 á náttúruminjaskrá ef gætt er varúðar þar sem plægt verður í votlendi.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur